



Velferðarsjóður barna og ungmenna í Dalvíkurbyggð

1. grein

Heiti sjóðsins er Velferðarsjóður barna og ungmenna í Dalvíkurbyggð.

2. grein

Sjóðurinn er stofnaður af Íþrótt- og æskulýðsráði Dalvíkurbyggðar.

3. grein

Markmið sjóðsins er að styðja börn og ungmenni á aldrinum 6 – 18 ára með lögheimili í Dalvíkurbyggð sem vegna tímabundinna aðstæðna hafa takmarkaðan aðgang að íþrótt- og æskulýðsstarfi. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki fleiri en eina íþrótt hjá hverju barni. Dæmi um útgjöld sem mögulega eru styrkhæf:

- Styrkja börn og ungmenni til þátttöku í íþróttastarfi með fjárhagslegum stuðningi við æfingargjöld.
- Styrkja börn og ungmenni til þátttöku í keppnis- og æfingaferðum á vegum íþróttafélaga eða félagsmiðstöðvar.
- Styrkja börn og ungmenni til búnaðarkaupa.

4. grein

Tekið er við umsóknum á skrifstofu Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Stjórn sjóðsins afgreiðir umsóknir.

5. grein

Með stjórn sjóðsins fer íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, sviðsstjóri fræðslu- og menningarmála og sviðsstjóri félagsmálasviðs. Stjórn sjóðsins fundar eftir þörfum.

6. grein

Stofnframlag er frá Dalvíkurbyggð og öðrum áhugasömum stofnfélögum. Aðrar tekjur sjóðsins eru frjáls framlög. Haldið er utan um sjóðinn í



gegnum bókahald Dalvíkurbyggðar og hann rekinn á kennitölu sveitarfélagsins, en stofnaður verður sérstakur reikningur.

7. Grein

Eftir hvert sjóðsár skal upplýst um stöðu sjóðsins á fundi íprótta- og æskulýðsráðs.

*Reglur þessar voru samþykktar á 48. fundi íprótta- og æskulýðsráðs.
Staðfestar á 667. fundi byggðaráðs*